

Ed.

398. Frumvarp til laga

um nokkrar ráðstafanir vegna núverandi styrjaldarástands o. fl.

Flm.: Jónas Jónsson, Þorst. Þorsteinsson, Bernh. Stefánsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal, eftir tilnefningu þriggja stærstu þingflokkanna, skipa þriggja manna bjargráðanefnd til eins árs í senn til að hafa á hendi framkvæmdir til framleiðslubóta og bjargráða undir yfirstjórn ráðherra.

Nefndin gerir tillögur um og hefir á hendi:

1. Ráðstöfun á fé því, sem veitt er í fjárlögum til framleiðslubóta og bjargráða í erfiðu árferði. Fé þessu skal varið til atvinnuaukningar, einkum til garðræktar, hagnýtingar fiskúrgangs til áburðar, þaratekju, framræslu lands, fyrirhleðslu, lendingarbóta, eldiviðarvinnslu, smíði smábáta, byggingar húsa úr innlendu efni, svo sem vikri og torfi, vegagerðar og annara hagnýtra framkvæmda, og til þess að stuðla að því, að atvinnulausu fjölskyldufólki verði komið fyrir á sveitaheimilum.
2. Ráðstöfun atvinnulausra verkfærra framfærsluþurfa, er sveitarstjórn hefir ekki komið í vinnu. Heimilt er að ráðstafa slíkum mönnum til starfs hvar sem er á

landinu, á heimili, til atvinnufyrirtækja og í vinnuflokka undir opinberri stjórn eða með öðrum hætti. Nefndin semur um starfskjör þeirra, sem á þennan hátt er ráðstafað, og hefir fullnaðarúrskurðarvald um vinnuskyldu allra þeirra, sem hún eða sveitarstjórn ráðstafar til vinnu.

Stjórnarráðið skal annast skrifstofustörf fyrir nefndina. Búnaðarfélag Íslands skal veita nefndinni hjálp við að koma mönnum fyrir í vinnu á sveitaheimilum.

Meðan ákvæði þessi eru í gildi skal, að því er Reykjavík snertir, frestað framkvæmd laga nr. 4 9. jan. 1935, um vinnumiðlun, og síðari viðauka við þau lög.

2. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að skipa svo fyrir, að á íslenskum skipum megi vera færri skipstjórnarmenn og vélamenn en skylt er samkvæmt l. nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum, og síðari breytingum á þeim lögum. Ekki mega þó færri slíkir menn vera á íslenskum siglinga- og fiskiskipum en samskonar skipum norskum.

3. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni, meðan núverandi ófriður í Norðurálfu varir, að ákveða tölu matreiðslu- og þjónustufólks á farþegaskipum í millilandasiglingum.

4. gr.

Óheimilt er að setja skorður við tölu iðnnema í nokkurri grein, nema með samþykki ríkisstjórnarinnar, og ákveður hún þá, hverjar þær skuli vera.

5. gr.

Ákvæði 12. og 13. gr. l. nr. 97 3. maí 1935, um rannsóknarstofu í þágu atvinnuveganna við Háskóla Íslands, falla úr gildi, þar til öðruvísi verður ákveðið.

Rannsóknarnefnd ríkisins, skipuð til þriggja ára í senn eftir tilnefningu 3 stærstu flokka þingsins, skal, á meðan svo stendur, hafa á hendi stjórn stofnunarinnar og þess hluta af rannsóknarstofu Háskóla Íslands, sem hefir með höndum rannsóknir í þágu atvinnuveganna, svo og framkvæmd matvælarannsóknanna. Ríkisstjórnin ræður starfsmenn við framangreindar stofnanir, að fengnum tillögum rannsóknarnefndar ríkisins. Laun þeirra manna, sem starfa að þessum rannsóknum, skulu ákveðin í fjárlögum.

6. gr.

Þar til öðruvísi verður ákveðið skal leggja niður ferðaskrifstofu ríkisins, og falla á meðan niður 1.—6. gr. l. nr. 33 1. febr. 1936, um ferðaskrifstofu ríkisins, en gjald það, sem innheimt er samkvæmt 7. gr., skal renna í rikissjóð, enda sé úr honum varið svipaðri upphæð, að fengnum tillögum fjárveitinganefndar, til að bæta aðbúð á gististöðum og auka hreinlæti á ferðamannaleiðum.

7. gr.

Hreinar tekjur ríkisstofnana, annara en sildarverksmiðja, skulu mánaðarlega greiddar til ríkisféhirðis, en þó skulu laun fastra starfsmanna þeirra öll vera greidd af ríkisféhirði með þeim hætti, að hver stofnun fái mánaðarlega í einu lagi greidd laun starfsmanna hennar, og sjái hún síðan um greiðslu til hvers einstaks starfsmanns.

8. gr.

Þar til öðruvísi verður ákveðið skulu eftirfarandi ákvæði koma í stað 3. gr. l. nr. 68 28. des. 1934, um ríkisútvarp:

Kennslumálaráðherra skipar útvarpsstjóra. Skal honum falið að annast daglega stjórn og fjárreiður útvarpsins, eftir nánari fyrirmælum í reglugerð, er ráðherra setur.

Ráðherra er heimilt að gera fréttastofu útvarpsins að sérstakri deild, undir stjórn útvarpsráðs. Ennfremur er ráðherra heimilt að semja við blöð lýðræðisflokka um þátttöku í starfrækslu fréttastofunnar, eftir nánari fyrirætlunum í reglugerð, er ráðherra setur.

Ráðherra ræður starfsmenn útvarpsins, að fengnum tillögum útvarpsstjóra og útvarpsráðs. Laun starfsfólks útvarpsins skulu, þar til launalög eru sett, ákveðin í fjárlögum.

9. gr.

Óheimilt skal forráðamönnum ríkisstofnana, þar með taldir bankar, að ráða fasta starfsmenn, nema að undangengnu samkeppnisprófi, og hafi auglýstur umsóknarfrestur eigi verið skemmri en einn mánuður, þar sem úr því var skorið, hver hæfastur væri til starfsins af umsækjendum. Ríkisstjórnin setur í reglugerð nánari fyrirætlun um þessi próf.

10. gr.

Óheimilt er forstjórum ríkisstofnana að ráða nokkurn til starfs við þær til annars en venjulegrar daglaunavinnu, nema með samþykki ráðherra. Svo skal þeim og óheimilt að greiða nokkrum starfsmanni aukabókun, hvort sem um er að ræða hreina launaviðbót eða greiðslu fyrir aukavinnu, né á annan hátt breyta launakjörum án samþykkis ráðherra.

11. gr.

Fresta skal að prenta umræðupart þingtíðindanna fyrir árið 1940.

12. gr.

Aukatekjur, aðrar en ríkissjóðstekjur, er tilfalla þeim embættismönnum, og starfsmönnum þeirra, er fá goldinn skrifstofukostnað eftir reikningi og þeir fá greiddar vegna embættis síns eða stöðu, skulu teljast skrifstofum þeirra til tekna.

13. gr.

Í skrifstofum ríkisins og í ríkisfyrirtækjum skal daglegur vinnutími vera a. m. k. frá kl. 9 árdegis til kl. 6 síðdegis, að frádregnum $1\frac{1}{2}$ klukkutíma. Þó getur forstjóri látið vinna á öðrum tíma dags, þar sem vaktaskipti eru höfð við vinnuna. Á tímabilinu frá 15. júní til 15. sept. skal vinnutími á laugardögum a. m. k. vera 4 stundir.

14. gr.

Meðan núverandi ófriður í Norðurálfu varir, skal kennslumálaráðherra heimilt:

- a. Að stytta hinn árlega kennslutíma í barnaskólum landsins og draga þannig úr útgjöldum við skólahaldið.
- b. Að sameina fámenn fræðsluhéruð um einn og sama kennara, þar sem því verður við komið. Ennfremur er ráðherra heimilt að ákveða, að fjölga skuli kennslustundum í íslenzku, tekin upp og aukin vinnu- og íþróttakennsla, en minnka að sama skapi kennslu í öðrum bóklegum fræðigreinum.

15. gr.

Í menntaskólana í Reykjavík og á Akureyri skal ekki veita inngöngu yngri nemendum en 15 ára að aldri.

Við inntökupróf í 1. bekk menntaskólanna skal leggja megináherzlu á kunnáttu nemendanna í íslenzku og íslenzkum bókmenntum, og skal kennslumálaráðherra setja um það nánari fyrirætlunum í reglugerð.

16. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, að fengnum tillögum háskólaráðs og menntamálaráðs, að ákveða, hve margir nýir nemendur skuli á ári hverju fá inntöku í Háskóla Íslands.

Ákvörðun þessi skal miðuð við það, að árlega útskrifist svo margir sérfróðir menn í þeim fræðigreinum, sem þar eru kenndar, að fullnægt sé þörfum þjóðarinnar.

Nú sækja fleiri um inngöngu í háskólann en hæfilegt þykir samkv. því, sem að framan greinir, og skal þá ráðherra kveða á i reglugerð, að fengnum tillögum háskólaráðs, um skilyrði fyrir inngöngu.

17. gr.

Lækka skal afnotagjald þeirra útvarpsnotenda, sem ekki hafa straumtæki, niður í 20 krónur.

18. gr.

Skylt skal öllum ríkisstofnunum, fyrirtækjum, sem eru stofnsett með sérstökum lögum til almannaþarfa, bæjar- og sveitarfélögum og fyrirtækjum og stofnunum, sem styrks njóta úr ríkissjóði, eða hafa í stjórn fulltrúa, sem ríkisstjórnin skipar, að senda Alþingi fyrir lok janúarmánaðar ár hvert ýtarlega skýrslu um tilkostnað við starfsmannahald og starfrækslu á undangengnu ári. Skal í þessari skýrslu tilgreina nöfn allra starfsmanna hjá hverri stofnun og fyrirtæki, annara en daglaunamanna, tilgreina föst laun þeirra af almannafé, aukalaun, eftirvinnu, uppbætur, hverskonar hlunnindi, ágóðahlut og ferðakostnað. Auk þess skal tilgreina sundurliðuð útgjöld við húsnæði, ljós og hita hvernar stofnunar. Fjárveitinganefnd getur falið endurskoðendum ríkisreikninganna eða endurskoðanda fjármálaráðuneytisins að fullgera skýrsluna með athugun á bókhaldi hlutaðeigandi fyrirtækis.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fjárveitinganefnd hefir, jafnframt fjárlögum, unnið að frumvarpi um bráðabirgðabreytingu á nokkrum eldri lögum. Sumar breytingarnar eru í sambandi við ráðgerða niðurfærslu á útgjöldum við framkvæmdir, sem falla að meira eða minna leyti niður vegna dýrtíðar og siglingateppu. Aðrar breytingar lúta að því að koma fólki, sem er atvinnulaust eða atvinnulítið, að framleiðslustörfum, þar sem vantar vinnukraft. Þá hafa á undanförunum árum verið samþykkt nokkur lög, sem í reyndinni hafa orðið til erfiðleika fyrir ýmsar greinar framleiðslunnar, og þykir ástæða til að heimila í þeim efnum nokkrar breytingar meðan styrjöldin varir.

Þá hefir á allmörgum undangengnum árum verið mikil og almenn ásókn að komast frá framleiðsluvinnu að launuðum störfum, og helzt við innivinnu af ýmsu tægi. Að vísu eru laun þessara manna oft mjög lág, en þó sýnast þeir heldur una við sitt, og reyna þá ekki allsjaldan að bæta aðstöðu sína með ýmiskonar aukalaunum, fremur en að sinna framleiðslustörfum. Í þessu frv. er leitast við að finna eðlilega leið til að velja starfsfólk eftir hæfileikum fremur en kunningsskap til vinnu fyrir þjóðfélagið. Ennfremur er ætlazt til, að laun manna í þjónustu ríkisins verði ákveðin af Alþingi, og þegar þess þarf með milli þinga, af ríkisstjórninni, en ekki af öðrum aðilum.

Launakjör manna hjá ríkinu, bæjarfélögum og ýmsum opinberum fyrirtækjum eru mjög misjöfn, og skapar sá mismunur óánægju, sem von er til. Hér er gert ráð fyrir, að Alþingi fái árlega glöggar skýrslur um launakjör og launagreiðslur í landinu. Á þeim heimildum er hægt að gera löggjöf um nýtt skipulag á launamálum, sem sniðið væri eftir gjaldgetu þjóðfélagsins og gætt eðlilegs samræmis milli hinna ýmsu starfsgreina.

Nokkrar af tillögumum snerta uppeldis- og skólamál, og er þar leitast við að benda á leiðir, sem henta betur þjóðfélaginu heldur en eldra fyrirkomulag. Alveg sérstaklega er þjóðin farin að finna til missmiða við þá tilhögun uppeldismálanna, að skapa offramleiðslu í ýmsum sérfræðilegum starfsgreinum, með ærnum tilkostnaði, án þess að þjóðfélagið hafi sýnilega þörf fyrir alla hina sérfróðu menn.

Nefndin mun síðar bæta við einstökum tillögum undir meðferð málsins, þar á meðal um nokkur atriði, er snerta heilbrigðismálin.

Að öðru leyti verður af hálfu manna úr fjárveitinganefnd gerð grein fyrir einstöku atriðum viðvikjandi frv. í framsögu og við meðferð málsins í deildinni.

Frumvarp þetta er flutt að tilhlutun meiri hluta fjárveitinganefndar af þeim nefndarmönnum, er sæti eiga í deildinni, en flutningsmenn áskilja sér óbundin atkvæði um einstök atriði frv. Ennfremur áskilja þeir sér rétt til að bera fram breytingartillögur.